

AUGLÝSING

um deiliskipulag strandhverfis við Arnarnesvog í Garðabæ.

Bæjarstjórn og bæjarráð Garðabæjar samþykktu 13. júní og 16. júlí 2002 tillögu að deiliskipulagi strandhverfis við Arnarnesvog, Garðabæ.

Skipulagið nær annars vegar yfir áður óbyggt svæði og hins vegar hafnarsvæði en þar er gert ráð fyrir að flest núverandi mannvirki verði fjarlægð og að fyllt verði í höfnina.

Gert er ráð fyrir um 560 almennum íbúðum og 200 íbúðum sem ætlaðar eru eldri borgurum.

Auk íbúða er gert ráð fyrir atvinnuhúsnæði fyrir skrifstofur og þjónustu, lítilli smábátahöfn, bensínstöð, leikskóla, sjóbaðströnd, hverfisþjónustu o.fl. Austast á svæðinu, að Hraunsholtslæk, er skipulagi frestað.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 9. ágúst 2002.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.